

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 57 ?14.10.2005

Föstudaginn 14. október, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, Kristján Jónasson endurskoðandi og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- 1.Hitaveita Hjaltadals.
- 2.Borun að Reykjum í Hjaltadal.
- 3.Fjármögnun borana út að austan
- 4.Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lögð fram drög að samningi milli fjármálaráðuneytisins f.h. Ríkissjóðs og Skagafjarðarveitna ehf. um kaup Skagafjarðarveitna ehf. á 96% hlut Ríkissjóðs í Hitaveitu Hjaltadals sf. og yfirtöku á vatnsveitu að Hólum í Hjaltadal. Skagafjarðarveitur ehf. skuldbinda sig með þessum samningi að fullnægja þeirri vatnspörf sem Hitaveita Hjaltadals sf. hafði samið um og að sjá Hólaskóla fyrir nægjanlegu heitu vatni til frambúðar. Einnig skuldbinda Skagafjarðarveitur ehf. sig til að vatnsveitan að Hólum fullnægi þörfum Hólastaðar og kröfum heilbrigðiseftirlits og brunavarna. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir drögin.

Samningurinn verður undirritaður að hálfu seljanda með fyrirvara um heimild Alþingis til sölunnar.

2. Lögð fram yfirlýsing stjórnar Hitaveitu Hjaltadals dags. 12. október 2005 að Skagafjarðarveitur ehf. megi hefja boranir að Reykjum í Hjaltadal, en Skagafjarðarveitur hafa samið við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun á vinnsluholu til að ná meira að heitu vatni fyrir Hitaveitu Hjaltadals. Holan er staðsett um 50 m. frá núverandi vinnsluholu að Reykjum.

3. Samþykkt að fela Páli Pálssyni veitustjóra að leita eftir fjármögnun vegna boranna Út að austan allt að 50 mkr..

4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.40

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

Páll Pálsson (sign)

Kristján Jónasson (sign)